

Ingvi Már Pálsson
 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
 Skúlagata 4
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27 desember 2021
 Tilvísun: OS2021010024/50.30.1

Sendandi:
Benedikt Guðmundsson

Efni: Minnisblað um stofnstyrki til hitaveitna vegna nýframkvæmda 2022 til 2032

Stofnstyrkir til hitaveitu Höfn í Hornafirði

Erfitt er að fullyrða hver endanleg upphæð stofnstyrkja verður vegna hitaveitu á Höfn þar sem óvissa er um hversu margir notendur koma til með að taka hana inn.

Í þéttbýli eru 177 veitur niðurgreiddar og stofnstyrkir hljóða upp á 429 m.kr. ef allir eru með. Það hafa aðeins 105 notendur sótt um tengingu og óvíst hvað aðrir gera. Eingreiðslan gæti því lækkað um 175 m.kr. ef aðeins 105 notendur taka inn hitaveituna.

Í dreifbýlinu eru 142 veitur niðurgreiddar og stofnstyrkir hljóða upp á 657 m.kr. RARIK hefur boðið 62 notendum að tengjast en aðeins 28 hafa þegið það og miðað við það getur eingreiðslan því orðið á bilinu 130 m.kr. upp í 287 m.kr., allt eftir því hversu margir koma inn af þeim 34 sem enn hafa ekki svarað RARIK. Það er því erfitt að henda reiður á hver endanleg upphæð verður.

Í neðanskráðri töflu, sem hefur tekið breytingum frá því Orkustofnun sendi minnisblað í ráðuneytið í september s.l., má sjá væntanlega fjárþörf vegna hitaveitu á Höfn. Fyrsta greiðsla til Hafnar vegna fjarvarmaveitunnar var greidd í lok árs 2020 eða 256.817.502 kr.

Tafla 1: Upphæð stofnstyrkja m.v. að allir sem geta tengst hitaveitunni á Höfn tengist henni. Allar upphæðir í kr.

	Áætlaðar greiðslur m.v. 16 ár	Greitt 2021	Til greiðslu 2022 eða síðar
Höfn í Hornafirði Fjarvarmi (12.ár)	375.625.278	118.807.776	
Höfn í Hornafirði bein rafhitun þéttbýli	429.271.692	69.720.868	359.550.824
Höfn í Hornafirði bein rafhitun dreifbýli	286.881.543	51.743.507	235.138.036
Samtals:	1.091.778.513	240.274.172	594.688.860

Eins og kemur fram í töflu 1 þá eru áætlaðar eftirstöðvar vegna hitaveitunnar á Höfn 595 m.kr. í lok árs 2021 sem ætti, ef allar áætlanir RARIK ganga eftir, að greiðast á næstu tveimur árum. Sá fyrirvari er á þessu er að allir tengist sem eru með niðurgreiðslur á svæðinu.

Stofnstyrkir 2022 byggt á framlögðum fjárlögum 2022

Orkustofnun hefur gert áætlun um greiðslu stofnstyrkja til hitaveitna og eingreiðslur til einstaklinga á árinu 2022 sem byggir á fyrirliggjandi fjárlögum. Varmadælar eru nú skoðaðar sem kostur á móti hitaveitum í dreifbýli þar sem langt er á milli bæja og fyrirsjáanlegt mikið hitatap sem kallar á miklar blæðingar í endastöðvum. Þrjú sveitarfélög eru nú að skoða kosti þess að varmadæluvæða notendur sýna í stað þess að hitaveituvæða. Tjörnshreppur hefur þegar lokið framkvæmdum að mestu og tvö önnur sveitarfélög eru að veга og meta kosti og galla. Það er fyrirsjáanlegt að stjórnvöld þurfi að koma inn með auknum krafti í þannig verkefni sem er hluti af orkuskiptum. Orkustofnun telur mikilvægt, í ljósi komandi orkuskipta, að draga úr beinni rafhitun með hitaveitum, þar sem hagkvæmt þykir eða varmadælu, til að losa núverandi raforkunotkun til húshitunar í dreifikerfinu til annarra nota þar sem orkuskiptin kalla á frekari raforkunotkun sem rúmast ekki fyrir í núverandi dreifikerfi nema

með dýrri endurnýjum lagna víða sem komast má hjá með því að losta stóran hluta þeirrar notkunar sem nú fer til húshitunar. Í neðanskráðri töflu eru áætluð Orkustofnun um stofnstyrki og eingreiðslur á árinu 2022 m.v. fyrirbyggjandi fjárlög ásamt samantekt um hitaveituframkvæmdir sem hafa verið í umræðunni allt frá árinu 2015 til dagsins í dag.

Tafla 2: Greiðslur stofnstyrkja og eingreiðslna á árinu 2022

Hitaveituframkvæmdir 2022 - 2032	Heildarupphæð	Stofnstyrkir 2022
HVH Víðidalur	24.365.837 kr.	12.182.919 kr.
Skagafjarðarveitur/Óslandshlíð Hjaltadal	50.918.354 kr.	25.459.177 kr.
Höfn í Hornafirði bein rafhitun þéttbýli	359.550.824 kr.	55.000.000 kr.
Höfn í Hornafirði bein rafhitun dreifbýli	235.138.036 kr.	30.000.000 kr.
Melaveita Hvalfjarðarsveit/hitaveitufélag	9.527.227 kr.	9.527.227 kr.
Hvalfjarðarveita /hitaveitufélag	39.198.811 kr.	19.599.406 kr.
Minni framkvæmdir Norðurorka	5.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Hitaveitur sem eru á hugmyndaplani	3.924.827.326 kr.	
Samtals stofnstyrkir	4.648.526.415 kr.	156.768.728 kr.
Eingreiðslur til einstaklinga		35.181.272 kr.
Stofnstyrkir og eingreiðslur alls:		191.950.000 kr.

Mögulegar hitaveituframkvæmdir til ársins 2032

Það eru áform um hitaveitur víða á landsbyggðinni. Sveitarfélög, opinberar hitaveitur sem og einstaklingar hafa áform um nýjar hitaveitur, sem ýmist eru á teikniborðinu eða í ferli innan stofnanna, en fæst af þeim hafa fengið dagsetningu. Orkustofnun hefur tekið saman um hvaða upphæðir sé að ræða m.v. 16 ára stofnstyrk og að framkvæmdartíminn rýmist innan næstu 10 ára. Ekki er gert ráð fyrir að allir aðilar uppfylli skilyrði fyrir 16 ára stofnstyrk þótt það sé sett inn hérna.

Í töflu 3 hefur öllum mögulegum hitaveituáformum verið raðað upp í tímaröð eftir því sem fyrirspurnir hafa borist Orkustofnun varðandi mögulega stofnstyrki m.v. 16 ár. Þarna eru a.m.k. fimm verkefni sem hafa verið í umræðunni frá 2016. Þrjú frá ársbyrjun 2020 og þrjú sem hafa komið inn á árinu 2021.

Tafla 3: Mögulegar hitaveituframkvæmdir til ársins 2032. Allar upphæðir í kr.

Mögulegar hitaveituframkvæmdir	Greiðslur m.v. 16.ár	Ath. Orkustofnunar
Hrútafjörður sunnan Reykjarskóla	87.045.748	Enn verið að leita af viðbótarvatni
Hólmavík	357.100.247	Strandar á samkomulagi við eiganda auðlindarimar
Tálknafjörður	286.749.911	Í biðstöðu. Búið að leggja lög inn í bæinn frá uppsprettu
Kaldraneshreppur	20.931.786	Í biðstöðu.
Norðurorka innan Laugalandis að austan	280.835.063	Í biðstöðu.
Norðurorka inn við Torfur	23.219.200	Í biðstöðu.
Djúpivogur	433.813.171	Í vinnslu hjá sveitarfélaginu
Grundarfjörður	779.758.367	Veitur með verkefni á sýnum höndum
Reyðarfjörður	1.055.373.833	Hugmyndir um nýtingu glatvarma
Vopnafjörður	600.000.000	Í skoðun
Samtals	3.924.827.326	